142 borgun eigi fyrir skrifföng til rjettargjörða og eptirrita af ýmsu tagi, og hver eigi að
2. sept. kosta embættisbœkur þær, sem með þarf — hafið þjer, herra amtmaður, um leið og þjer lögðuð málið undir úrskurð minn tekið fram,

1, að með því að lög um laun sýslumanna og bœjarfógeta dags. 14. des. f. á. hafi öðlast gildi hinn 6. júním. þ. á. virðist eiga að álíta, að þau hafi verið í gildi allan þann dag, og að þær aukatekjur, er þann dag fjellu til borgunar þess vegna eigi að renna í landssjóð,

2, að, þar eð gjald það, sem um sje rœtt í 68. gr. aukatekjureglugjörðarinnar megi álítast að vera borgun fyrir sjerstakleg ómök við skipti, eða endurgjald kostnaðar, er þau hafa í för með sjer, virðist eigi ástœða til að telja það með aukatekjum, eða geta þess í aukatekjubókinni,

3, að kostnaður til skriffœra og embættisbóka, virðist eiga að teljast með skrifstofukostnaði þeim, er sýslumenn ekki hafa rjett til að heimta endurgjald fyrir.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að jeg er yður alveg samdóma um það, sem þjer þannig hafið sagt.

143 — *Brjef* landshöfðingja *til biskups um* uppbót á fátœkum prestaköllum.
14. sept. — Í heiðruðu brjefi frá 12. þ. m. hafið þjer herra biskup skýrt frá, að af þeim 4000 kr., sem í 13. gr. fjárlaganna A. b. 1. eru veittar til uppbótar fátœkustu brauðum hjer á landi, og sem jeg útbýtti með brjefi frá 30. jan. þ. á., sjeu enn eptir 600 kr., þar eð 2 prestaköll Ás í Skaptártungu og Mývatnsþing hafa ekki verið veitt fyrir 31. ágúst þ. á., og hafið þjer komið með uppástungu um skiptingu á þessum 600 kr. Út af þessu skal hjer með tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum, að jeg samþykki hjer með, að af nefndri upphæð sje neðannefndum brauðum greidd uppbót fyrir yfirstandandi ár.

1.	Presthólum með skilyrðum þeim, sem tiltekin eru í brjefi yðar frá 14. þ. m.	100 kr.
2.	Stóruvöllum	50 —
3.	Stað í Grunnavík	100 —
4.	Skinnastað	100 —
5.	Knappstöðum í Skagafjarðar prófastsdœmi	50 —
6.	Hvammi — —	50 —
7.	Stöð í Suður-Múla-prófastsdœmi	50 —
8.	Mývatnsþingum	100 —
		alls 600 —

144 — *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdœminu um*
17. sept. skipting Álptaneshrepps. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 30. f. m. hafið þjer, herra amtmaður sent mjer álit sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu um bœnarskrá, er hingað hafði verið send, og þar sem hreppsnefndin í Álptaneshrepp fer þess á leit, að nefndum hreppi verði skipt í 3 sveitarfjelög, þar að auki fylgdi brjefi yðar eptirrit eptir fundabók hreppsnefndarinnar, um almennan hreppafund, er haldinn var 22. febrúar þ. á. að tilhlutum hlutaðeigandi sýslumanns, og stjórnaði hreppsnefndin fundinum, og er þar farið fram á hina áminstu skipting hreppsins í 3 sveitarfjelög, en til vara er beðið um að skipta honum í tvö sveitarfjelög, og hefir bæði sýslunefndin og þjer, herra amtmaður, aðhyllzt hina framkomnu varauppástungu, að Álptaneshreppi verði skipt í 2 hreppa, þannig að Bessastaðasókn og Garðasókn verði hvor um sig einn hreppur.

144 17. sept.

Fyrir því úrskurðast, samkvæmt 23. grein sveitarstjórnartilskipunar 4. maí 1872, að Alptaneshreppi skal eptirleiðis skipt í 2 hreppa, þannig að Bessastaðakirkjusókn sje sjerstakur hreppur út af fyrir sig, er heiti Bessastaðahreppur, og Garðasókn hreppur út af fyrir sig, sem heiti Garðahreppur. Skiptingin skal komast á fyrir fardaga 1879, eða undir eins og amtmaðurinn samkvæmt tilskipun 4. maí 1872 2. gr. hefir ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hinna nýmynduðu hreppa, og kosningar samkvæmt því eru fram farnar, og forstöðunefndir hinna nýju hreppa hafa komið sjer saman. Eignir hins sameinaða hrepps, skuldir og sveitarþyngsli hreppsins skiptast upp í milli hinna nýju hreppa að tiltölu við sveitarútsvörin, eptir því sem þau hafa verið greidd síðustu 5 árin, frá fardögum 1873 til fardaga 1878 í hvorum parti hrepps þessa fyrir sig. Skiptinguna framkvæma hinar nýju hreppsnefndir í sameiningu, geti þær ekki komið sjer saman, sker sýslunefndin úr. Fari svo, að síðan — eptir að þessi skipti eru komin á — komi upp sveitarþyngsli í öðrum hvorum hinna nýju hreppa, er eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað, skulu báðir hrepparnir bera þessa byrði að sama hlutfalli, og því er gengið var eptir við skiptinguna, og ber þeim hrepp, þar sem ómaginn er heimilisfastur, þegar hann fer að þurfa aðstoðar (ef ekki öðruvísi verður um samið), að annast sveitarómagann móti tiltölulegu endurgjaldi frá hinum hreppnum.

Báðir hinir nýju hreppar hafa þinghús sameiginlegt í Hafnarfirði.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar.

Auglýsing

um sýsluvegi í vesturamtinu.

145 30. sept.

Samkvæmt lögum um vegina á Íslandi 15. október 1875, 4. gr., hefir amtsráðið í vesturumdæminu, eptir að hafa meðtekið tillögur sýslunefndanna, ákveðið, að þessir vegir skuli vera sýsluvegir:

1. Í Mýrasýslu.

a. Vegurinn frá Sveinatungu (áframhald af Holtavörðuheiðar fjallvegi) niðureptir Norðurárdal, yfir Grjóthál, gegn um Norðtungu skóg, með Þverá, eptir Stafholtstungum að Hvítá (Langholts vaði).
b. Vegur, er liggur frá veginum «a» móts við Hafþórsstaði í Norðurárdal, gegn um Fosshraun, niður með Norðurá, að Hábrekkuvaði, þaðan niður með Norðurá að Svignaskarði, ofan eptir Borgarhreppi að Brákarpolli.
c. Vegurinn frá fjallveginum yfir Bröttubrekku yfir Glitsstaða háls, hjá Arnbjargarlæk, á veginn «a» við Þverá.
d. Vegurinn frá Arnbjargarlæk í Þverárhlíð að Hábrekkuvaði á Norðurá.
e. Vegurinn frá Ferjukoti beina stefnu á veginn «b», og upp eptir honum á móts við Litlugröf, þaðan að mestu beina leið á Valbjarnarvelli, yfir Borgarhreppinn, og þaðan upp undir Grimstaðamúla, síðan vestur með múlanum gegn um hraunið hjá Ytra-Hraundal, um Svarfhólsmela, að Hitará.
f. Vegurinn frá Langholtsvaði á Hvítá yfir Stafholtstungur að Norðurá á Hábrekkum.
g. Vegurinn frá Hábrekkuvaði, um Grísatungu, vestur yfir Skarðsheiði, á sýsluveginn hjá Ytra-Hraundal.

Hinn 7. nóvember 1878.

Reykjavík, 1878. Einar Þórðarson.